

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 78
gjafir til bændakirkna. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 10. maí
 16. f. m., og fyrirspurn umboðsmanns Bjarnanessumboðs um það, hvort honum
 beri fyrir hönd Bjarnaneskirkju að gjöra tilkall til ljósa hjálms og kaleiks, er
 Hoffellskirkju hafi gefið verið af einstökum mönnum, þegar kirkjan var síðast
 reist, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að slíkar gjafir, sem
 gefnar eru með þeim tilgangi, að vera til skrauts eða áhalda í kirkju, ekki geta
 álitizt gefnar til að auðga kirkjuhaldarann persónulega, þá verða þessir munir
 að sjálfsögðu að fylgja öðrum ornamentis og instrumentis Hoffellskirkju, sem
 samkvæmt brjefi mínu 31. jan. f. á. eiga að falla til Bjarnaneskirkju, og ber um-
 boðsmanni því að krefja munanna til handa kirkjunni.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
 beiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi umboðsmanni.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 79
flutning á þingstað. (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaður 10. maí
 Fljótshlíðarhrepps í Rangárvallasýslu væri fluttur frá Kirkjulæk að Teigi, með
 venjulegu skilyrði viðvíkjandi þinghúsi.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fiskiveiðar útlendinga — 80
 Sökum þess, að utanríkisráðaneytið hafði beðið ráðaneytið fyrir Ísland að leið. 14. maí
 beina sjer til að svara ýmsum fyrirspurnum frá fiskiveiðafjelögum og ábyrgðar-
 fjelögum í Hull, Grimsby og Boston til yfirkonsúlsins í Hull um það, hverjum
 gildandi lagafyrirmælum brezkir fiskimenn verði að hlýta, er þeir reki fiskiveið-
 ar við Ísland, hefur ráðaneytið í dag ritað utanríkisráðaneytinu, að gildandi laga-
 ákvæði viðvíkjandi fiskiveiðum útlendinga við Ísland sje að finna í tilskipun 12.
 febr. 1872, lögum um breyting á nefndri tilskipun 17. desbr. 1875 og lögum um
 bann gegn botnvörpuveiðum 10. nóv. 1894, er kveða miklu harðara á um svo
 kallaða botnverplinga (»Trawlara«) heldur en aðra fiskimenn, sumpart með tilliti
 til hegningarinnar, sem er miklum mun þyngri heldur en fyrir aðra ólöglega
 veiði, sumpart að því leyti, að það er yfir höfuð bannað, að viðlagðri hegningu,
 að fiskiskip, er hafa botnvörpur innanborðs, dvelji í landhelgi eða fari um land-
 helgisviðið, nema að eins til að leita hafnar í neyð. Af þessu leiðir meðal annars,
 að botnverplingar eiga ekki þann kost á því, að leggja upp á vissum höfnum þá
 hluti, er þeir hafa til atvinnu sinnar og þeim þykir ekki ástæða til að flytja
 heim milli tveggja ferða, sem aðrir útlendir fiskimenn eiga með sjerstökum skil-
 yrðum, samkvæmt 4. gr. í tilsk. 12. febrúar 1872.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 81
breytingu á hreppsheit. (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að Áshrepp- 15. maí